

Farskólinn
miðstöð símenntunar
á Norðurlandi vestra
Ársreikningur 2016

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Faxatorgi
550 Sauðárkrókur
Kt. 460993-2379

Sjóður nr. 1743

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Tilgangur Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra er að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra.


Á árinu 2016 voru tekjur umfram gjöld að fjárhæð 3.496 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og var eigið fé skólans 37,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins.


Stjórn og framkvæmdastjóri Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 10/15 2017.

Stjórn:


Þórarinn Sverrisson



Guðrún Sighvatsdóttir

Fh 
Ingileif Oddsdóttir


Erla Björk Örnólfsson


Þóra Sverrisdóttir

Framkvæmdastjóri:


Bryndís K. Práinsdóttir
Suðurgötu 8
550 Sauðárkrókur

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 16.15 2017.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Framlag ríkissjóðs		23.730.000	20.328.000
Styrkir		1.505.600	1.505.600
Tekjur vegna námskeiða og verkefna	2	38.117.123	37.872.762
Tekjur vegna háskólanáms	3	10.465.655	10.726.824
Styrkur vegna Evrópuverkefnis		0	755.247
Aðrar tekjur		870.434	674.228
		74.688.812	71.862.661
Rekstrargjöld:			
Kostnaður vegna námskeiða og verkefna		27.874.908	26.376.464
Kostnaður vegna háskólanáms	3	10.231.364	11.061.556
Kostnaður vegna Evrópuverkefnis		0	1.202.450
Laun, launatengd gjöld, ferðakostnaður og annar starfsmannakostn.	4	27.045.233	29.138.678
Annar rekstrarkostnaður	5	6.784.905	10.766.635
		71.936.410	78.545.783
Rekstrar- hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		2.752.402	(6.683.122)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		1.598.011	1.336.736
Vaxtagjöld		(534.407)	(303.115)
Fjármagnstekjuskattur		(319.602)	(250.492)
		744.002	783.129
Hagnaður (tap) ársins	6	3.496.404	(5.899.993)

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir:			
Viðskiptakröfur		4.034.501	1.413.543
Handbært fé		42.629.090	41.231.304
Veltufjármunir samtals		<u>46.663.591</u>	<u>42.644.847</u>
Eignir samtals		<u>46.663.591</u>	<u>42.644.847</u>
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		37.626.317	34.129.913
Eigið fé samtals	6	<u>37.626.317</u>	<u>34.129.913</u>
Skuldir:			
Viðskiptaskuldir		1.492.314	1.857.736
Aðrar skammtímaskuldir		7.544.960	6.657.198
Skammtímaskuldir samtals		<u>9.037.274</u>	<u>8.514.934</u>
Skuldir samtals		<u>9.037.274</u>	<u>8.514.934</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>46.663.591</u>	<u>42.644.847</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður (táp) ársins	6	3.496.404	(5.899.993)
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun	(2.620.958)	5.080.903
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		522.340	(2.972.305)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(2.098.618)	2.108.598
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>1.397.786</u>	<u>(3.791.395)</u>
Breyting á handbæru fé		1.397.786	(3.791.395)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>41.231.304</u>	<u>45.022.699</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>42.629.090</u>	<u>41.231.304</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa ríkir um innheimtu þeirra.

2. Tekjur vegna námskeiða og verkefna

Tekjur vegna námskeiða og verkefna skiptist þannig:

	2016	2015
Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða	12.100.000	10.500.000
Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar	4.200.000	3.900.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærnimats	7.242.100	4.516.100
Framlag ríkisins vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga	1.950.000	1.164.000
Aðrar tekjur	12.625.023	17.792.662
	<u>38.117.123</u>	<u>37.872.762</u>

3. Rekstrarkostnaður

Tekjur og gjöld vegna háskólanáms greinist þannig:

a. Tekjur

Styrkur menntamálaráðuneytis vegna háskólanáms á Norðurlandi vestra	10.170.000	10.472.000
Aðstöðugjald háskólanema	154.000	84.000
Leiga vegna fjarfundabúnaðar	141.655	170.824
	<u>295.655</u>	<u>254.824</u>
Tekjur vegna háskólanáms	10.465.655	10.726.824

Á árinu 2012 breyttist fyrirkomulag vegna framlags Sveitarfélagsins Skagafjarðar en þeir greiða húsaleigu háskólanáms á Faxatorgi. Áður greiddi Farskólinn húsaleiguna og fékk framlag á móti hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

b. Gjöld

Launakostnaður	8.461.059	8.807.605
Húsaleiga og húsnæðiskostnaður	600.069	589.798
Háskólablað	409.534	402.965
Viðhald og keyptur búnaður til háskólanáms á Norðurlandi vestra	292.872	479.660
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	467.830	781.528
Kostnaður vegna háskólanáms	<u>10.231.364</u>	<u>11.061.556</u>
Afkoma háskólanáms	<u>234.291</u>	<u>(334.732)</u>

Skýringar, frh.:

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	2015
Laun	33.295.497	30.825.580
Launatengd gjöld	7.699.302	7.239.160
Breyting áunnins orlofs	336.238	571.740
Hlutur í launum verkefnastjóra Skagaströnd	0	813.675
Ferðakostnaður og annar kostnaður	2.051.034	1.436.381
	<u>43.382.071</u>	<u>40.886.536</u>
Laun millifærð á kostnað vegna háskólanáms	(8.461.059)	(8.807.605)
Laun millifærð á kostnað vegna náms- og starfsráðgjöf	(3.314.077)	(2.940.253)
Laun millifærð á kostnað vegna raunfærnimats	(4.561.702)	0
	<u>27.045.233</u>	<u>29.138.678</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	4,7	4,5

Laun framkvæmdastjóra félagsins námu 8,9 millj. kr. á árinu 2016 líkt og árið áður.

5. Sundurliðun á öðrum rekstrarkostnaði

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2016	2015
Stjórnunarkostnaður	3.829.415	3.823.132
Kostnaður vegna tækja og búnaðar	960.644	3.310.409
Húsnæðiskostnaður	1.210.919	2.400.240
Skrifstofukostnaður	783.927	1.232.854
	<u>6.784.905</u>	<u>10.766.635</u>

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016.....	34.129.913	34.129.913
Hagnaður ársins	3.496.404	3.496.404
Staða 31.12.2016.....	<u>37.626.317</u>	<u>37.626.317</u>

Skýringar, frh.:

7. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2016	2015	2014	2013	2012
Rekstrartekjur	74.689	71.863	75.591	57.647	50.551
Rekstrargjöld	(71.936)	(78.546)	(69.530)	(59.235)	(55.366)
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	2.752	(6.683)	6.062	(1.588)	(4.815)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	744	783	998	1.128	1.144
Hagnaður (tap) ársins	3.496	(5.900)	7.060	(459)	(3.671)
Efnahagur:					
Veltufjármunir	4.035	1.414	6.494	2.488	2.639
Handbært fé	42.629	41.231	45.023	40.597	42.672
Eignir samtals	46.664	42.645	51.517	43.085	45.311
Eigið fé	37.626	34.130	40.030	32.970	33.429
Skammtímaskuldir	9.037	8.515	11.487	10.115	11.882
Eigið fé og skuldir samtals	46.664	42.645	51.517	43.085	45.311